

Reykjavík, 16. júní 2021
R21060147
250
ívs

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga Bjarkar Arnardóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum og félagsmiðstöðvum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Bjarkar Arnardóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn feli aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum fyrir árslok 2021 og gera tillögur að úrbótum til umhverfis- og skipulagssviðs sem skal ljúka úrbótum fyrir árslok 2022.

Greinargerð:

Einstaklingar sem notast við hjólastól í daglegu lífi eiga að hafa jafnt aðgengi og ófatlaðir að félagsmiðstöð og grunnskóla. Á Íslandi er skólaskylda en erfitt er að fylgja henni eftir þegar einstaklingur sem notast við hjólastól hefur ekki aðgengi að byggingu skólans. Börn og unglingar hafa rétt á því að sækja starf á vegum félagsmiðstöðva en í mörgum þeirra er hjólastólaaðgengi af skornum skammti og úr því verður að bæta.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skipulags- og samgönguráðs.


Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og

frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skipulags- og samgönguráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal
e.u.